

Reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

Inngangur

Reglur þessar byggja 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og á 25 gr. og 45.gr. Samþykktu um stjórn Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar nr. 410/2024.

1. gr.

Um starfskjör kjörinna fulltrúa

Bæjarfulltrúar hjá Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar fá greidda þóknun og starfskostnað vegna starfa sinna eftir reglum þessum. Aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum fá jafnframt greitt fyrir störf sín eftir ákvæðum þessara reglna.

2. gr.

Skilgreiningar

Nefndir og ráð Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar samkvæmt reglum þessum eru bæjarstjórn, bæjarráð, heimastjórnir, umhverfis- og loftlagsráð, skipulags- og framkvæmdaráð, fjölskylduráð og aðrar þær nefndir og starfshópar sem skipaðir eru samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar.

Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og aðrir kjörnir fulltrúar sem getið er um í 1. gr.

Þóknun er sú greiðsla sem kjörinn fulltrúi fær í tengslum við störf sín í bæjarstjórn, nefndum og ráðum fyrir Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

3. gr.

Þóknun til kjörinna fulltrúa

Þóknun bæjarfulltrúa og annara kjörinna fulltrúa fyrir setu í bæjarstjórn og ráðum og nefndum er hlutfall af þingfararkaupi eins og það er hverju sinni. Bæjarfulltrúar fá greidda þóknun 12 mánuði á ári og eru greitt út einu sinni í mánuði.

Um kjör áheyrnarfulltrúa framboða sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn gilda sömu reglur og um aðalfulltrúa.

Varafulltrúar fá greidda þóknun sem aðalfulltrúar fyrir hvern heilan setinn fund. Varafulltrúar sem taka sæti í bæjarstjórn eða bæjarráði í einstökum málum fá greidda þóknun sem nemur 25% af fundarlaunum, óháð fjölda mála sem þeir taka þátt í á fundinum.

Fastar mánaðarlegar þóknunir falla niður sæki kjörinn fulltrúi ekki fundi samfleytt í 3 skipti, nema séstakar aðstæður hamli s.s. veikindi. Fer þá viðkomandi á greiðslukerfi fyrir hvern fund fram að næstu áramótum, en fær þá aftur fastar mánaðarlegar þóknunir fyrir störf sín.

Orlof telst innifalið í framangreindum greiðslum.

Þóknun kjörinna fulltrúa er sem hér segir:

Forseti bæjarstjórnar, mánaðarlaun	pr.mán.	15%	218.976
Bæjarstjórnarfulltrúi, mánaðarlaun	pr.mán.	7%	102.189
Bæjarstjórn, fundarlaun	pr.fund	2%	29.197
Forseti bæjarstjórnar, fundarlaun	pr.fund	2%	29.197
Formaður bæjarráðs, mánaðarlaun	pr.mán.	18%	262.771
Bæjarráðsfulltrúi, mánaðarlaun	pr.man.	10%	145.984
Bæjarráð, fundarlaun	pr.fund	2%	29.197
Forseti bæjarráðs, fundarlaun	pr.fund	2%	29.197
Nefndarfundur	pr.fund	2%	29.197
Nefndarfundur, formaður	pr.fund	2%	29.197
Nefndarlaun, formaður mánaðarlaun	pr.mán.	2%	29.197
Vinnufundur, formaður nefndar	pr.fund	3%	43.795
Vinnufundur	pr.fund	2%	29.197
Ungmennaráð/öldrunarráð, formaður nefndar	pr.fund	1,875%	27.372
Ungmennaráð/öldrunarráð	pr.fund	1,25%	18.248
Þóknun fyrir fundarsetu heilan dag utan sveitarfél.	pr.dag	2,50%	36.496

Tekur mið af þingfararkaupi frá 01.07.2023: 1.459.841

Tafla tekur breytingum út frá breytingum á þingfararkaupi.

4. gr.

Laun kjörstjórnar

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflot bæjarstarfsmanna, lfl. 128-6. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

5. gr.

Fæðingar- og foreldraorlof

Um rétt kjörinna fulltrúa sbr. 1. gr. til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar og foreldraorlof nr. 95/2000. Skila þarf tilkynningu um fæðingar- og foreldraorlof til launadeildar Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar áður en kjörinn fulltrúi getur nýtt sér þennan rétt sinn. Á meðan á orlofinu stendur fær kjörinn fulltrúi launagreiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

6. gr.

Lífeyrisréttindi og tryggingar

Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af þóknunum bæjarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Iðgjald kjörinna fulltrúa í lífeyrissjóð skal vera 4% gegn 11,5% mótframlagi Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar eða stofnanna þess. Um viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslur fer einnig samkvæmt ofangreindum lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Óski bæjarfulltrúi eftir því greiðir Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar iðgjald til stéttarfélags og dregst iðgjaldið frá þóknun bæjarfulltrúans.

Bæjarfulltrúar skulu vera slysatriggðir, skv. almennri slysatriggingu, í störfum sínum fyrir sveitarfélagið.

7. gr.

Ferða- og dvalarkostnaður

Bæjarfulltrúarfulltrúar eiga rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar, sbr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ekki skal greiða dagpeninga innanlands, heldur greiða skv. útlögðum kostnaði við ferðir kjörinna fulltrúa. Um ferðir erlendis gildir hið sama, en fulltrúar skulu fá samþykki bæjarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrir fram. Bókanir á flugferðum og gistingu skulu fara í gegnum bæjarstjóra.

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur milli heimilis og fundarstaðar enda sé vegalengdin meiri en 5 km. Miðast greiðslur á ekinn km við helming af ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað ef um akstur út fyrir sveitarfélagið er að ræða. Fyrir akstur á fundi nefnda og ráða innan sveitarfélags er greitt

samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, bílaleigubíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er.

8. gr.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúar hafa aðgang að sameiginlegri vinnustöð og fundaraðstöðu á skrifstofum sveitarfélagsins í hverjum kjarna í samráði við bæjarstjóra eða starfsfólk á hverjum stað.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessa gilda frá stofnun sveitarfélagsins 19. maí 2024.

Samþykkt í bæjarstjórn Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
29.05.2024